

33

12. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps,
nr. 41 25. febr. 1947.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4% af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fer fram atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignarmatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

Vatnsnotkun véla skulu mæld, og greiðast 5 aurar fyrir hverja smálest á mánuði allt að 2000 smálestum, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. 2. málsgrein 7. greinar, getur hreppsnefnd ákveðið, að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 5 aura fyrir allt að 2000 smálestir á mánuði, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum heim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1951.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hallgrimur Dalberg.

34

12. marz

REGLUGERÐ

um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI

Um upprekstur.

2. gr.

Þar í sveit, sem ágreiningur kemur upp um hvar skuli telja afréttarlönd og hvar heimalönd, skal sýslunefnd skipa þrjá kunnuga menn innan sveitar til að ákveða

slíkt. Ákvæði gerðarmanna skulu færð inn í gerðabók hlutaðeigandi hrepps og skulu vera gildandi þar í sveit, þar til öðruvísi verður ákveðið.

34
12. marz

3. gr.

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir sitt fé. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beutiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beutiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beutilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefur þá færra í beutilandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beutilönd og afréttarlönd má ekki taka gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að segja fyrir, hvernig haga skuli rekstrum í afrétt, og um að reka það fé aftur til afréttar, sem fram rennur að sumrinu.

III. KAFLI

Um lögsöfn.

5. gr.

Þrjú skulu lögsöfn hvert haust. Þó má hreppsnefnd fækka lögsöfnum í vissum afréttarhlutum, ef ástæða þykir til. Ákveður hreppsnefnd hvenær lögsöfn skulu fara fram.

Ef veður bannar safn eða ónýtir á réttum safndögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir. Enginn fjáreigandi, sem fjallskil á að gera, getur skorazt undan að inna þau af hendi, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

6. gr.

Allir búendur, húsmenn og lausamenn í hreppnum, sem hafa til umráða 10 sauðkindur eða meira, að lömbum meðtöldum, skulu skyldir að leggja til lögsöfn, eftir því sem hreppsnefnd fyrirskipar. Sömu skyldu hafa og utansveitarmenn, sem afrétt eða heimalönd nota í hreppnum, og skal það atriði framkvæmt þannig, að hreppsnefnd þess hrepps, sem fjáreigandi tilheyrir, skal í tæka tíð tilkynna hreppsnefnd þess hrepps, þar sem fjáreigendur búa, hve marga menn skuli leggja í hvert safn, og ber þá sú hreppsnefnd ábyrgð á, að sú gerð sé haldin.

7. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd að jafna niður fjallskilum á þann hátt, að leggja tíma þann, sem venjulega gengur til lögsafna, niður í dagsverk og jafna síðan niður á fjáreigendur í réttu hlutfalli við fjártölu hvers eins eftir þörfum, svo fjárheimtum verði fullnægt eins vel og unnt er. Rétt er, eftir því sem við verður komið, að hver leggi þangað til safns, er hann helzt á fjárvon.

34

12. marz

8. gr.

Kærunum um niðurjöfnun fjallskila skal bera upp bréflega við oddvita, svo fljótt sem verða má, og ekki síðar en lokið er þeim söfnum, sem kært er um. Skyllt er þeim manni, sem kærana gerir, að inna af höndum safn það eða söfn þau, er kærinni valda, þar til úrskurður er fallinn um málið, svo að söfn ekki hindrist, en greiða skal hlutaðeiganda fullt kaup fyrir safndaga þá, er dæmast hafa verið settir honum um of. Kaup það greiðist úr sveitarsjóði.

9. gr.

Meðferð á kærum, sem um getur í 8. gr., skal vera sú, að um þær skulu dæma 3 menn: Oddviti hreppsnefndar, einn maður tilnefndur af kæranda og hreppstjóri í hlutaðeigandi hreppi. Úrskurður dómnefndar er bindandi fyrir málsaðila.

10. gr.

Hreppsnefnd boði með fjallskilaseðli, eða á annan hátt, með nægum fyrirvara, fyrir fyrsta lögsafn, hvernig leitum skuli haga og hverjir skulu fara í utansveitarréttir.

11. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann einn eða fleiri við afréttarsmölun (fjallkóng), hefur hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir og ræður sérhverju öðru, er við kemur smöluninni, allt þangað til safnið er komið til lögréttar, og leitarmönnum er skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitin gangi eigi inn í annarra afrétt. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fé á milli.

12. gr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri greind og heilsu, og forsvaranlega útbúinn að hestum, nesti, fötum, skóleðri og tjaldrúmi. Hreppsnefndin skal haga svo til, að hinir markgleggstu, sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

13. gr.

Ef fjallkóngur, með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem bezt eru til fallnir, gerir einhvern leitarmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, ber að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en skjóta má hann úrskurði fjallkóningsins til hlutaðeigandi hreppsnefndar til endanlegra úrslita.

14. gr.

Haga skal fjallgöngum, þar sem því verður við komið, svo, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verður hagað.

Hver búandi og aðrir, er heimalönd nytja, er skyldur að safna heimalönd ábýlisjarðar sinnar og reka skilvíslega til lögréttar allan þann fénað, er þar finnst og hann ekki á sjálfur, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar.

IV. KAFLI

Um réttir.

15. gr.

Lögréttir og aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður með ráði búenda. Þær réttir skulu byggja og þeim við halda þeir hreppsþúar, sem þær nota helzt og þeim eru næstir, eftir fyrirmælum hreppsnefndar. Þegar lögrétt eða aukarétt skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd með

seðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rétt eiga uppi að halda, og svo marga, sem ætla til þurfa. 34

12. marz

Réttarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá, er hreppsnefndin ákveður.

Nú vilja allir búendur heldur borga fyrir réttarhleðslu, en vinna að henni, og skal þá hreppsnefnd kaupa menn til starfa, en jafna kostnaði niður á réttarbúendur, eftir fénaðarfjölda hvers þeirra. Dilka skal byggja hjá lögréttum öllum, þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

16. gr.

Réttarstjóri skal vera við hverja rétt, þá dregið er, og skipar hann nægilega marga menn til að draga úr óskilafé. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipun hans, varðar það sektum. Svo skal og ætíð einn af hreppsnefndarmönnum eða valinn meður af þeim vera við réttir sveitarinnar á réttardögum, til þess að gæta nauðsynlegrar reglu með réttarstjóra og hafa gætur á, að fénaður sé eigi rangdreginn í dilkana.

V. KAFLI

Um eftirleitir.

17. gr.

Hreppsnefnd er skylt að skipa eftirleitir þá er þurfa þykir. Gildir eftirleitin um afréttarlönd, er útundan hafa orðið í lögsögnum og einnig þau afréttarlönd, er hætta er á að kindur renni til eftir lögsöfn og hlutaðeigendur ekki geta eða vilja leita. Sama gildir um afréttarlönd eyðjarða í hreppnum, er engir notfæra sér, en getur þó verið kinda von.

18. gr.

Mönnum þeim, sem ráðnir eru til eftirleitar samkvæmt 17. gr., skal greiða kaup, er miðast við tímakaup í algengri dagvinnu á hverjum tíma. Til greiðslu á því kaupi skal reikna gjald af hverri kind, er í leitinni finnst, og má vera allt að $\frac{1}{3}$ af verði kindanna eftir mati hreppsnefndar. Dugi ekki það gjald til greiðslu á kaupi manna, skal þeim greitt til viðbótar af hreppssjóði.

VI. KAFLI

Um meðferð á óskilafé.

19. gr.

Allt það fé, markað og ómarkað, sem ekki finnast eigendur að, skal reka til lögréttar, bæði í fjallasöfnum og byggðasöfnum, og skal réttarstjóri sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dilk sér. Síðan skal leiða ær að ómerkingum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum eða með tveimur samhljóða vottum. Enginn getur þó helgað sér kind af fjárbragði einu saman. Haldi einhver slíku fé, er hér um ræðir, án leyfis hreppsnefndar, eða dragi sér úr rétt án leyfis réttarstjóra með launung eða ofríki, hefur hann fyrirgert hinni sömu kind, þótt síðar geti sannað eignarrétt eða móðir helgi sér ómerking. Enginn má blóðmarka fé í réttum að hausti til nema í viðurvist tveggja valinkunnra manna, og skulu þeir, ef krafizt verður, geta gert grein fyrir hvaða mark hafi áður á verið.

20. gr.

Ómerkinga þá, er enginn getur helgað sér, sbr. 19. gr., skal selja að afloknum lögsöfnum, og skal andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Kalineyrt og eyrnarlaus fé, og ómarkað fé, sem ekki finnast eigendur að, skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar, ef enginn getur helgað sér það eftir brennimörkum eða hornamörkum.

34
12. marz

21. gr.

Úr fyrsta lögsafni má sleppa óskilafé í byggð, en í 2. og 3. rétt skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja féð á opinberu uppboði, eins fljótt og við verður komið.

22. gr.

Til næstu fardaga á eftir á eigandi aðgang að söluverði hvernar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilaféð er selt.

23. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark eða önnur óræk sönnunargögn, svo sem brennimörk.

24. gr.

Yfir höfuð skal farið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum eyrnamörkum, brennimörkum eða hornmörkum, að auglýst hafi verið, eða eigandi færi fullar sönnur á eignarrétt sinn.

VII. KAFLI

Um fjárrekstra bæja á milli.

25. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum hjá haustréttum, skulu reka þá þangað, sem réttarstjóri mælir fyrir, og eins og hann ákveður.

26. gr.

Hverja rétt skal byrja með því að draga úr fé annarra bæja og reka það til lögrettar.

27. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ, skal bóndi eða annar í hans stað, rannsaka kindurnar og seðla, er fylgja, og taka úr, ef rangdregið er, og stefna í rétta átt. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja úr fé, er eftir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns, það sem áfram skal halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef féð er hvorki þreytt né hungrað, ella skal beita því eða gefa því hey. Þannig skal reka og fara með það þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er ekki skylt að reka. Skal bóndi geyma hana sem sitt fé, og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur.

28. gr.

Það skal verða aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í vondum húsum eða úti í fárviðri.

29. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim.

30. gr.

Rekstrum á utansveitarfé ráðstafar hreppsnefndin eftir málavöxtum.

31. gr.

Þegar áfelli dettur á milli lögsafna, eða eftir lögsafn, svo hýsa þurfi eða gefa utansveitarfé, sem er í hreppnum, þá skal hirða, sem það er statt, þegar áfelli dettur

á, nema hreppsnefnd skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur verður á að koma því 34 til eiganda. Borgun hjúkrunar þess fjár greiði eigandi við móttöku fjárens, eftir mati 12. marz hreppsnefndar.

VIII. KAFLI

Um sauðfjármörk.

32. gr.

Skytt er hverjum fjáreiganda að hafa glöggt markeinkenni á öllu sínu fé. Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5. eða 10. hvert ár. Skal sérhver mark-eigandi skyldur að koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað, sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis 1 eintak af markaskránni. Auk þess skal prenta allmörg eintök til útbýtingar utan sýslu.

33. gr.

Fé skal dregið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema lögfull sönnun komi fyrir að annar eigi.

Kind, sem ekki ber mark manns, brennimark eða eyrnamark, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á fullt mark, nema maður geti sannað eignarrétt sinn á henni með vitnum.

34. gr.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það hreppsnefndar-oddvita fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp. Einnig skal það tilkynnt oddvitum í næstu hreppum; skulu þeir þá innfæra það í markaskrár sínar. Eigi má taka upp fjármark eða nota, er annar sýslubúi hefur. Sá, sem tekur upp nýtt fjármark, greiði fyrir það auglýsingarkostnað til oddvita hreppsins, er aftur greiðir það til sýslusjóðs, með tilkynningu um, hver sé eigandi marksins. Hið sama gildir og, er mark er flutt inn í sýsluna.

35. gr.

Hafi tveir menn eða fleiri tekið upp sama mark, eða svo lík mörk, að misdráttur geti orðið af, skal markaskrásetjari tilkynna það hlutaðeigendum og, eftir því sem unnt er, rannsaka hver hefur fyrsta rétt til marksins. Skal sá hafa fyrsta rétt, er tekið hefur upp gamalt erfðamark, þótt niður hafi fallið um hrið, þar næst sá, er keypt hefur mark. Þá sá, er búið hefur á markasvæðinu áður, en sá minnstan, sem flytur að mark sitt af öðru markasvæði.

36. gr.

Nýkjörin sýslunefnd skal kjósa einn mann í markadóm og einn til vara fyrir Austur-Skaftafellssýslu; skal hann einnig starfa með slíkum mönnum úr Múlasýslu að markadómum milli sýslna. Þóknun markadómsmanns greiðist úr sýslusjóði.

37. gr.

Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst og borgað fyrir samkvæmt 34. gr., er ekki leyfilegt að nota. Skal með þannig markað fé farið sem óskilafénað.

IX. KAFLI

Um vorsmölun.

38. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala heimalönd sín á vorin. Þar, sem heimalönd eru víðáttumikil og liggja þannig, að margir úr hreppnum eiga þar fjárvon, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar

34 og aðrir, sem þar eiga helzt fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hrepps-
12. marz nefndum þykir sanngjarnt.

39. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun á vorin, til rúnings, þegar henta þykir. Skal réttað, eftir því sem hægt er, á sama degi úr þeim löndum, sem fé getur gengið saman í. Einnig getur hún látið göngur fara fram í afréttum, ef þörf gerist. Að afstöðnum rýingum skulu búendur, þar sem því verður við komið, reka allt rúið fé úr heimahögum til afrétta.

40. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr höndum eigenda eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur til, ef honum er unnt, að rýja það og marka ómörkuð lömb. Geri hann eiganda full skil á ullinni og greini fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, er hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má þó fara yfir 2 kr. fyrir að rýja kind og 1 kr. fyrir að marka lamb.

X. KAFLI

Um rekstur á sölufé.

41. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal einn ávallt vera yfirmaður. Skal hann bera ábyrgð gagnvart öðrum á öllu því, er rekstrinum viðvíkur. Hann skal ætíð geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

42. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki á horn eða haus, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af þó votviðri gangi.

43. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brún nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en svo hjart er, að rekstrarmerki sjáist.

44. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarféð. Yfirmanni rekstrarins ber að sjá um, að fé það, er saman við hefur komið, komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

45. gr.

Verði rekstrarmenn sannir af því, að reka fé annarra manna heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eiganda það að fullu, eftir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður til kveður, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum eftir reglugerð þessari, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

46. gr.

Yfirmaður sölufjárrekstrar skal annast um, að rekstrarreglum þessum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aftur aðgang að samrekstrar-
mönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

47. gr.

Gæta skal fyllstu varúðar með fjárrekstra á vegum, þar sem bílar og önnur slík farartæki fara um, að ekki verði að skaða. Er öllum aðilum skylt að sýna fyllstu tilhliðrun samkvæmt almennum umferðareglum.

Enn fremur skal hver sá, er girðingu á meðfram slíkum vegum, gæta þess, að girðingarnar séu í það góðu lagi, að fé eigi festist í virendum, sem liggja eða láfa á girðingum og meiði fé svo að skaða verði.

48. gr.

Sölufé telst einnig það fé, sem rekið er í kaupstað til slátrunar. Sömu reglur gilda og um fé þeirra manna, er flytja búferlum.

XI. KAFLI

Um eyðing refa og grenjavinnslu.

49. gr.

Refir eru óhelgir hvarvetna, og skal eyða þeim með eitri og skotum og hverjum helzt hætti sem unnt er. Þó má ekki bræla gren né rifa nema þá er það eigi verður unnið með öðru móti.

50. gr.

Hvar sem refa verður vart, skal hreppsnefndum skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi á vetrum, þá er mest eru harðindi, og skulu 3 hinir kunnustu menn í hverjum hreppi til taka, hvar og hve víða eitra skuli. Hreppsnefndin skal sjálf velja menn þessa, og séu þeir einkum valdir, er bezt skyn bera á refaveiðar.

Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrad hefur verið, og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stýfa af öðrum væng þeirra um miðju til auðkennis.

51. gr.

Búendur í hverjum hreppi, þar sem grenja er von, skulu skyldir að gera grenjaleitir í löndum sínum og þar, sem menn hafa upprekstur fyrir sauðfé sitt. Nú rekur einhver fjáreigandi ekki fé sitt á fjall, en á það innan sveitar, utan girðinga, skal hann þá jafn skyldur að taka þátt í grenjaleit á vori hverju, þá og þar, er hreppsnefndin álitur þess helzt þörf, og kveður þá til þessa með nægum fyrirvara milli fardaga og Jónsmessu. Skal hún fela einum manni eða fleirum að ráða yfir leitinni. Ef einhver þeirra, er kvaddur er, mætir ekki á ákveðnum tíma, verður álitid sem hann hafi hvergi farið, og varðar það 100 kr. sekt, nema hann sanni lögleg forföll. Geti einhver bóndi eigi látið menn í leitina, verður hann að fá til mann annars staðar, en geri hann það eigi, skal leitarforingi fá þann mann á kostnað búanda.

52. gr.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert að hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, til þess að vinna greni í hreppnum. Enginn skotmaður má, án gildra orsaka, skorast undan að vinna greni innan hrepps. Hreppsnefnd skal annast um að útvega mann með skyttunni á grenið. Skotmaður skal fá 40 kr. fyrir fyrri dýrið, er hann vinnur á greni, og 60 kr. fyrir það síðara, en 10 kr. fyrir hvern yrðling, er hann getur sannað að hann hafi náð á greni.

Í kaup fær skotmaður ávallt tímakaup það, er gildir fyrir dagvinnu á hverjum tíma, og greiðist fyrir 20 klukkustundir á sólarhring, meðan hann liggur á greni. Sama kaup fær viðlegumaður.

53. gr.

Hvar, sem greni finnst, skal þess gætt, þar til skotmaður kemur, annars skal þar enga umgöngu hafa og engin vegsummerki gefa, fyrr en skotmaður er kominn.

34 Nú finnast gren þó ekki sé í leit, og skal sá er finnur tafarlaust skýra hreppsnefnd 12. marz frá eða skotmanni, ef hann er nær.

54. gr.

Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækslu um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupum eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefndin ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir atkvæði sýslunefndar.

55. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr annars staðar en á greni, fær 60 kr. fyrir hvert þeirra.

56. gr.

Hverjum þeim, er elur yrðlinga eða refi heima hjá sér og sleppir þeim úr gæzlu, varðar það sekt til sýslusjóðs, ekki minni en 200 krónur fyrir hvert dýr, nema hann geti sannað, að refurinn hafi náðst aftur og verið drepinn. Skyldar eru hreppsnefndir að senda sýslunefndinni ár hvert greinilegar skýrslur um grenjaleitir, refaveiðar og citrun, hver í sínum hreppi.

57. gr.

Um greiðslu vegna eyðingu refa og grenjavinnslu fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum.

XII. KAFLI

Um brot og ágreining.

58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 100—500 króna sektum, nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum. Sektir allar renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

59. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar með reglugerð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd og skal með það farið sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

60. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefndar.

61. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 151 frá 31. ágúst 1940, fyrir Austur-Skaftafellssýslu, um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 1927, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.